

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 2/2020-2021

Kærandi: Hrefna Höskuldsdóttir

Kærðu: Trausti Hafsteinsson, blaðamaður og Reynir Traustason ritstjóri á man.is.

Kæruefni: Umfjöllun um systurson kæranda á man.is sem fólst í birtingu útdráttu úr minningargreinum í Morgunblaðinu, þ.e. eftir kæranda, móður hins látna og gamlan vin.

Málsmeðferð

Kæran barst Siðanefnd BÍ 6. nóvember 2020 og hún tekin fyrir á fundi Siðanefndar BÍ þriðjudaginn 10. nóvember. Þar var samþykkt að taka kæruna til meðferðar og óska eftir viðbrögðum hinna kærðu. Svar barst frá ritstjóra man.is 11. nóvember. Kæran var síðan tekin til umfjöllunar 24. nóvember og 15. desember.

Málavextir:

Kært er á grundvelli 3. gr. síðareglna þar sem segir: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasönum málum.” Einnig er vísað til 6. greinar reglnanna um að hver sá sem telurað blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur geti kært ætlað brot til Siðanefndar innan tveggja mánaða frá birtingu. Fyrst skuli þó leita leiðréttigar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Fram kemur að hálfu kæranda að þegar föstudaginn 30. október hafi verið sendur tölvupóstur á hina kærðu hjá man.is þar sem athugasemd var gerð við vinnubrögð en ekki hafi komið nein viðbrögð af hálfu man.is. Í svari man.is til Siðanefndar er hins vegar krafist að kærunni verði vísað frá en sýknað ella.

Umfjöllun:

Í bréfi kæranda til Siðanefndar segir að hinn 28. október sl. hafi birst eftir kæranda og tvo aðra minningargreinar í Morgunblaðinu um systurson hans sem var jarðsettur eftir hádegi sama dag. Pennan sama morgun hafi birst „frétt“ á vefsíðunni man.is um andlát systursonarins. Erfitt sé að dæma af efnistökum umrædds vefmiðlis hvort um sé að ræða fréttanetmiðil eða vefsíðu af einhverjum öðrum toga. Engu að síður telji aðstandendur síðunnar a.m.k. að vefsíðan sé fjölmiðill, sem haldið er úti af fréttu- og blaðamönnunum. „Innihaldið í „fréttinni“ var endursögn á téðum minningargreinunum. Fyrirsögnin var gerð sláandi enda sennilega ætluð til að fá „klick“. Birtingin hafði mikil áhrif á fjölskylduna sem var á sömumínútum að gera sig tilbúna til að fara til kirkju í útförina,” segir þar.

Í svörum kærðu er því haldið fram að hin kærða grein byggi alfarið á minningargreinum í

Morgunblaðinu miðvikudaginn 28. október. Segir orðrétt: „Ungur maður er fallinn frá, alltof snemma, og hans minnst með afar fallegum hætti. Þess var gætt að vitna til heimilda í greininni sem birtist þennan morgun. Um er, sem sagt, að ræða birt efni og án þess að úr samhengi væri slitið.” Segir ennfremur að man.is harmi að hafa valdið aðstandendur sárindum enda aldrei ætlunin að valda auknum harmi með því að endurbirta minningargreinar um hinn látna. Ævinlega sé gætt í sambærilegum málum að hvergi væri varpað skugga á minningu hins látna. Greinin sé víðsfjarri því að vera æsifrétt, eins og henni sé lýst í kærunni. Hún byggi á orðréttum tilvísunum.

Birting minningargreinar í dagblaði er opinber birting. Siðanefnd Bí telur að endurbirting eða útdráttur úr minningargrein í öðrum miðli fari ekki í bága við Siðareglur Bí enda sé þar ekki vikið frá upprunalegum texta eða efnið brenglað.

Úrskurður

Trausti Hafsteinsson og Reynir Traustason hjá vefmiðlinum man.is teljast ekki hafa brotið gegn Siðareglum Bí.

Reykjavík, 15. desember 2020.

Björn Vignir Sigurpásson

Björn Vignir Sigurpásson

Hjörtur Gíslason

Hjörtur Gíslason

Ásgeir Þór Arnason

Ásgeir Þór Arnason

Friðrik Þór Guðmundsson

Friðrik Þór Guðmundsson

Jóhannes Tómasson

Jóhannes Tómasson